



Liberis ehf.  
Jörfabakka 28  
109Reykjavík

Dagsetning 3. júlí 2024  
Málsnúmer MRN24040110

## Viðurkenning Liberis ehf. sem fræðsluaðili í framhaldsfræðslu, tímabilið 03.07.2024 – 03.07.2025

Vísað er til umsóknar Liberis ehf., kt. 691210-0220, dags. 3. nóvember 2023, þar sem sótt er um viðurkenningu sem fræðsluaðili í framhaldsfræðslu.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið fer með málefni framhaldsfræðslu skv. lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010. Ráðherra, eða aðili sem hann felur það verkefni, veitir fræðsluaðilum viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu, sbr. 7. gr. laganna. Félags- og vinnumarkaðsráðherra hefur, samkvæmt samningi, falið mennta- og barnamálaráðuneytinu að annast viðurkenningar fræðsluaðila í framhaldsfræðslu.

Í viðurkenningu felst staðfesting á því að starfsemi fræðsluaðilans uppfylli, á þeim tíma sem viðurkenningin er veitt, almenn skilyrði laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Viðurkenning felur hvorki í sér skuldbindingu um fjárframlög úr ríkissjóði til viðkomandi fræðsluaðila eða ábyrgð á skuldbindingum hans. Fræðsluaðili ber sjálfur alla ábyrgð á eigin skuldbindingum og starfsemi.

Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur metið umsóknina og önnur framlögð gögn um starfsemi Liberis ehf. út frá þeim skilyrðum og viðmiðum sem fram koma í lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011 og telur Liberis ehf. uppfylla skilyrði til að hljóta viðurkenningu til að annast framhaldsfræðslu.

Á grundvelli þess er að framan greinir veitir mennta- og barnamálaráðuneytið hér með Liberis ehf. viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu til eins árs. **Gildistími viðurkenningar er tímabilið 03.07.2024 – 03.07.2025.**

Fræðsluaðili skal hafa frumkvæði að því að upplýsa mennta- og barnamálaráðuneytið án tafar um breytingar sem kunna að verða á starfsemi eða aðstöðu hans sem viðurkenning þessi byggir á. Uppfylli fræðsluaðili ekki lengur skilyrði laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu eða fyrirsmáli sett samkvæmt þeim getur ráðherra afturkallað viðurkenninguna.

Áður en til endurnýjunar á viðurkenningu kemur ber Liberis ehf. að hafa lokið innleiðingu á innra gæðakerfi og sjálfsmat þannig að skilyrðum IV. kafla um mat og eftirlit með gæðum í lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 sé fullnægt.

Umsókn um endurnýjun viðurkenningar þessarar þarf að berast mennta- og barnamálaráðuneytinu ásamt fullnægjandi gögnum a.m.k. þremur mánuðum áður en gildistíma hennar lýkur.

F.h. ráðherra  
Áslaug Magnúsdóttir



F.h. ráðherra  
Steinunn Birna Magnúsdóttir

